



## Málefнасamningur Fjarðalistans og Framsóknarflokksins (og óháðra) í Fjarðabyggð kjörtímabilið 2018-2022

Fjarðalistinn og Framsóknarflokkurinn gera með sér eftirfarandi málefнасamning um myndun meirihluta í bæjarstjórn Fjarðabyggðar kjörtímabilið 2018-2022. Flokkarnir munu starfa saman með heilindi að leiðarljósi, jafnrétti og jöfnuður verður grundvöllur samstarfsins. Allar ákvarðanir verða teknar með hliðsjón af hagsmunum íbúa og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Nefndarskipan sveitarfélagsins verður lítillega breytt þannig að menningar- og safnanefnd mun breytast í menningar- og nýsköpunarnefnd. Undir henni mun starfa safnanefnd sem mun fara með starfsemi og stefnumótun í þeim málaflokki auk varðveislu gamalla húsa. Á komandi kjörtímabili munu eftirtaldar fastanefndir starfa:

Fræðslunefnd, félagsmálanefnd, barnaverndarnefnd, eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd, hafnarstjórn, íþrótt- og tómstundanefnd og menningar- og nýsköpunarnefnd. Landbúnaðarnefnd mun starfa áfram undir eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd.

Flokkarnir munu hafa stefnumál sín að leiðarljósi í samstarfinu en helstu áherslur verða þessar:

Málefni fjölskyldunnar verða í forgangi. Skólamáltíðir verða gerðar gjaldfrjálssar og mun fyrsti liður í þeirri aðgerð verða kynntur strax í haust. Frístundastyrkir verða útfærðir til að börn og ungmenni geti stundað fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf óháð efnahag. Félagsþjónustan verður eflað, tekjuviðmið skoðuð, aðgengi að fjölskylduráðgjöf aukið, sem og snemmtæk aðstoð við fjölskyldur í vanda. Þá verður aukin áhersla lögð á innleiðingu fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar og stuðning við langveik og fötlud börn.

Sérstök áhersla verður lögð á fræðslumál. Fræðslustefnan verður endurskoðuð með það að markmiði að auka möguleika allra barna til að njóta sín í námi og tryggja að skólastarf sé í takt við tímann. Stoðþjónusta í skólum verður eflað til að gera starfsaðstæður kennara og annars starfsfólks betri. Þá munu skimanir fyrir kvíða og þunglyndi hefjast í efri bekkjum grunnskóla og samvinna skóla, félagsþjónustu og heilbrigðisstofnana verður aukin. Samhliða verður boðið upp á fyrirbyggjandi fræðslu og ráðgjöf fyrir börn sem mælast í áhættuhópi og fjölskyldur þeirra. Lögð verður áhersla á að efla jafnréttisfræðslu og forvarnir í skólastarfi. Einnig verður sumarlokun leikskóla tekin til endurskoðunar í samráði við starfsfólk, foreldra og atvinnulíf. Unnið verður að eflingu háskólanáms og rannsókna með uppbyggingu Háskólaseturs í samvinnu við Austurbrú og atvinnulífið. Starfsemi Háskólasetursins verður m.a. nýtt til að efla Verkmenntaskóla Austurlands.

Málefni eldra fólks verða tekin til frekari skoðunar. Áfram verður unnið að málefnum hjúkrunarheimila til að tryggja rekstur þeirra til framtíðar. Aukið fjármagn þarf frá ríkisvaldinu til reksturins, ásamt endurbótum á húsnæði Uppsala og uppbyggingu á nýju hjúkrunarheimili í Neskaupstað. Lögð verður áhersla á lýðheilsu eldri borgara og að virkja félög þeirra til frekari hagsmunagæslu. Húsnæðismál eldri borgara verða skoðuð sérstaklega á vettvangi öldungaráðs. Tekjuviðmið verða hækkuð vegna fasteignaskatta



og boðið upp á þjónustu, s.s. garðslátt og snjómokstur, fyrir þá sem slíkt þurfa. Unnið verður að því að koma á dagvist aldraðra víðar í sveitarfélaginu líkt og á Breiðdalsvík.

Áfram verður lagður metnaður í að skapa framúrskarandi umgjörð um atvinnulífið í Fjarðabyggð og vinna með nýjum fyrirtækjum og atvinnugreinum sem vilja hefja eða efla starfsemi í sveitarfélaginu. Komið verður á samráðsvettvangi með atvinnulífinu um atvinnu- og nýsköpun til að auka samskipti kjörinna fulltrúa og atvinnulífs. Hafnarsjóður mun áfram framkvæma í takt við þarfir sjávarútvegsins og byggðakjarnanna til að takast á við nýjar áskoranir. Í stækkandi Fjarðabyggð skipar landbúnaður stærra hlutverk og nauðsynlegt er að sveitarfélagið standi vel við bakið á honum. Sækja þarf aukið fjármagn til ríkisvaldsins til uppbyggingar á þriggja fasa rafmagni, ljósleiðaravæðingar og fráveitumála ásamt því að skapa umgjörð um frekari sókn í landbúnaði.

Aukin áhersla verður lögð á menningu og nýsköpun. Rekstur Menningarstofu verður tryggður og hún fest í sessi. Hlúð verður að grasrótastarfsemi, stutt við verkefni í nýsköpun og listum og komið á samstarfi við ríkisvaldið í þeim efnum. Stefnt er að eflingu list- og verknáms og auknum tækifærum barna til þátttöku og sköpunar í menningarstarfi. Samstarf verður aukið á milli Fjarðabyggðar, Austurbrúar og ferðaþjónustunnar um markaðssetningu sveitarfélagsins. Áfram verður unnið af krafti að uppbyggingu áfangastaða í sveitarfélaginu til að tryggja góða umgengni um náttúruna.

Jafnréttismál verða í forgrunni á öllum sviðum Fjarðabyggðar, hvort sem er í fræðslustarfi, stjórnun stofnana eða atvinnu- og nýsköpunarstarfi. Jafnréttisfræðsla verður aukin í skólustarfi, sem og með opnum fundum og málstofum. Samstarf við íþróttahreyfinguna og félagasamtök verður eflt og auknar kröfur gerðar um jafnrétti og faglegt starf á þeim vettvangi.

Félagsmiðstöðvarnar verða styrktar og starfsemi þeirra samþætt við starfsemi fristundaheimila. Þannig skapast vettvangur til að efla fristundaheimilin og reka þau allt árið. Þetta kallar á breytingar á aðstöðu og skipulagi sem unnið verður í samráði við ungmennaráð og starfsfólk.

Nauðsynlegt er að ráðast í ýmsar framkvæmdir. Leikskólarnir á Reyðarfirði og Eskifirði verða stækkaðir og Fjarðabyggðarhöllin einangruð svo hún nýtist sem skyldi. Viðhaldspörf íþróttahúsanna verður greind og framkvæmdum við þau forgangsraðað. Langtímaáætlanir verða gerðar um uppbyggingu og viðhald fasteigna, gatna og veitna. Einnig verður lokið við áætlanir um uppbyggingu leikvalla, skólalóða, göngustíga, hjólreiðastíga og fegrún svæða. Mótuð verður umhverfisstefna sem byggir á skýrum sjálfbærnimarkmiðum og haldið verðu áfram á braut endurvinnslu með því langtímamarkmiði að urðun úrgangs heyrir sögunni til og notkun plasts verði í algjöru lágmarki. Yfirfara þarf aðalskipulag og uppfæra að breyttum áherslum. Þá verður gerð ný áætlun um aðgengi fatlaðra að byggingum og þjónustu sveitarfélagsins og umbótum verður forgangsraðað.

Almenningsgöngur verða eflar til að mæta þörfum íbúa í stækkandi sveitarfélagi og víðfemara atvinnu- og þjónustusvæði. Styrkja og endurskipuleggja þarf þær



samgöngur sem fyrir eru hjá Strætisvögnum Austurlands og stefnt verður að því að þær verði gjaldfrjálstar.

Áhersla verður lögð á að auka samráð við íbúa á sem flestum sviðum og þátttöku þeirra við forgangsroðun verkefna. Rafræn stjórnsýsla verður byggð upp og upplýsingagjöf frá sveitarfélaginu aukin.

### Nefndarskipan

Skipting formanna nefnda og stjórna verður eftirfarandi út kjörtímabilið:

Forseti bæjarstjórnar:	B listi
Formaður bæjarráðs:	L Listi
Formaður fræðslunefndar:	L listi
Formaður félagsmálanefndar:	L listi
Formaður íþróttá-og tómstundaneftdar:	B listi
Formaður eigna-, skipulags-og umhverfisneftdar:	L listi
Formaður hafnarstjórnar:	B listi
Formaður barnaverndarneftdar:	B listi
Formaður menningar-og nýsköpunarneftdar:	L listi

Fjarðalistinn og Framsóknarflokkurinn sammælast um að staða bæjarstjóra verði auglýst laus til umsóknar og samstaða verði milli flokkanna um þá ráðningu.

Þann 11. júní 2018

  
Eydís Ásbjörnsdóttir.

  
Jón Björn Hákonarson

